

en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000 upp í málskostnað.

Greiðslan fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. júní 1976.

Nr. 91/1975. **Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Ólafi Ólafssyni

Stefáni Jónssyni og

Kristjáni Kristjánssyni og gagnsök

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Dómentur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 17. júlí 1975. Krefjast þeir sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 30. júlí 1975. Krefjast þeir staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Aðaláfrýjandi Jósafat ritaði orðið „tryggingarvíxill“ á víxil þann, sem í málinu greinir, þegar hann gaf út og framseldi víxilinn. Víxillinn verður þó ekki af þeirri ástæðu metinn ógildur vegna ákvæða 1. gr. laga nr. 93/1933, heldur ber að líta svo á, að aðaláfrýjandi Jósafat hafi framselt víxilinn í tryggingarskyni, sbr. 19. gr. áðurgreindra laga. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti. Með hliðsjón af því, að gagnáfrýjendur hafa borið kostnað af dómsgerðum og ágripsgerð, þykir hann hæfilega ákveðinn 125.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f, greiði gagnáfrýjendum, Ólafi Ólafssyni, Stefáni Jónssyni og Kristjáni Kristjánssyni, 125.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1975.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. júní 1975, er höfðað með stefnu, birtri 30. desember 1974, og var málið þingfest 7. janúar 1975.

Stefnendur málsins eru Ólafur Ólafsson, Leifsgötu 19, Reykjavík, Stefán Jónsson, Nökkvavogi 18, Reykjavík, og Kristján Kristjánsson, Sunnuflöt 44, Garðahreppi.

Stefndu eru Jósafat Arngrímsson, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, og Kyndill h/f, Keflavík.

Dómkröfur stefnenda eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnendum kr. 617.313 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 427.700 frá 15. desember 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur skýra svo frá málavöxtum, að hin umstefnda skuld sé samkvæmt tryggingarvixli, útgefnum 3. september 1973 af stefnda Jósafat til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík við sýningu. Vixillinn, sem er að fjárhæð kr. 1.260.000, sé samþykktur af stefnda Kyndli h/f. Vixillinn hafi verið sýndur til greiðslu 26. ágúst 1974 og hann hafi verið afsagður vegna greiðslufalls hinn 28. ágúst 1974.

Stefnendur hafa lagt fram kaupsamning, sem er dagsettur 3. september 1973. Samkvæmt þeim kaupsamningi selja stefnendur og Tryggvi Hannesson, Hraunbæ 92, Reykjavík, hlutabréf seljenda í hlutafélaginu Klæðningu h/f. Kaupendur eru Hinrik Greipsson, Ásta Edda Jónsdóttir, Ester Jónsdóttir, öll til heimilis að Bárugötu 17, Reykjavík, og Guðríður Erna Arngrímsdóttir, Stigahlið 32, Reykjavík. Í kaupsamningnum segir m. a.:

„Kaupendur lofa að hafa losað hjá Alþýðubankanum fasteignaveð, sem seljendur hafa sett í persónulegum eignum eða útvegað í slíkum eignum til tryggingar yfirdrætti og víxlakaupum við bankann, og skulu þessi fasteignaveð seljenda laus úr þessum veðböndum eigi síðar en 27. jan. 1974. Þessari skuldbindingu til tryggingar svo og til tryggingar við því, að bankinn eða annar aðili gangi að þessum veðum, þá skulu kaupendur afhenda tryggingarvixil að fjárhæð kr. 1.260.000.00, sem standa skal til tryggingar öllu fjártjóni, sem seljendur verða fyrir af þeim sökum, að þeir verði að greiða bankanum eða öðrum vegna yfirdráttarskuldarinnar og keyptra víxla eða bankinn gangi að veðunum vegna þessara skulda, en þær teljast nú vera ca. 470.000.00 yfirdráttur og kr. 790.000.00 vegna víxilskulda. Þessi tryggingarvixill skal vera í vörzlun lögmanns seljenda“.

Stefnendur skýra svo frá, að hinn umstefndi víxill hafi verið afhentur lögmanni þeirra, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, samkvæmt ákvæðum ofangreinds kaupsamnings og sé hin umstefnda fjárhæð vegna vanskila kaupenda á ákvæðum áður greinds kaupsamnings.

Lögmaður stefnenda hefur lýst því hér fyrir dómi, „að stefnu-fjárhæðin kr. 617.313.00 er þannig út reiknuð, að þar eru lagðar til grundvallar dómssáttirnar á dskj. nr. 7, kr. 120.000.00 + 307.700.00 + ásamt málskostnaði í sáttunum kr. 19.500.00 og kr. 38.200.00. Þá eru teknir með áfallnir dráttarvextir af dómssáttunum, kr. 48.065.00 og 73.848.00, en samtals eru þetta 607.313.00. Stefnukrafan er kr. 607.313.00, og er hér gert ráð fyrir kr. 10.000.00 í ýmsan ótiltekinn kostnað eða tjón og bent á það, að vaxtakrafa í stefnu er gerð frá 15. desember 1974, þannig að ofangreindir vextir eru innifaldir í höfuðstól stefnukröfunnar fram til þess tíma“.

Í greinargerð, sem er dagsett 21. janúar 1975, hefur lögmaður stefndu, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, haft uppi eftirfarandi varnir til stuðnings sýknukröfu sinni:

„Tryggingarvixil þann, sem stefnt er fyrir í máli þessu, afhenti

umbjóðandi minn Jóni E. Ragnarssyni hrl. sunnudaginn 2. september 1973 og þá óútfylltan, hvað upphæð snerti. Samningurinn, sem gera átti, var ekki gerður fyrr en daginn eftir, mánudaginn 3. sept. 1973. Lögmaðurinn hafði ekki töluna, svo hægt væri að fylla út víxilinn, en hann tók við honum óútfylltum með þeim skilmála, að hann yrði ekki fylltur út, fyrr en búið væri að hafa samráð og samþykki umbjóðanda míns, og hafði lögmaðurinn enga heimild til annars. Víxill sá, sem stefnt er fyrir, er því fram kominn við þá misbrúkun frá hendi Jóns E. Ragnarssonar hrl., að hann hefur fyllt víxilinn út eftir eigin geðþótta, án vitundar og samþykkis umbjóðanda míns og án þess að gera þeim nokkra grein fyrir, hvað tryggja átti.

Ég áskil umbjóðanda mínum Jósafat Arngrímssyni rétt til þess að gera nánari grein fyrir, með hverjum hætti hann afhenti háttvirtum andstæðingi þennan víxil á sínum tíma, og þá er hérmeð skorað á háttvirtan andstæðing að gera grein fyrir því, hvernig stendur á því, að hann fyllti út þennan tryggingarvíxil án vitundar og vilja umbjóðanda míns og hvernig upphæðin er reiknuð“.

Af þessu tilefni fékk lögmaður stefnenda, Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður, bókað hér fyrir dómi 13. júní 1975:

„Á framhlið víxilsins hef ég ritað: „3. sept. 1973 ... 1.260.000.00 ... við sýningu ... Kyndill h.f., Keflavík (í meginmáli skjalsins) ... tólf hundruð og sextíu þúsund $\frac{00}{100}$... Búnaðar ...“. Annað hef ég ekki handskrifað á forhlið víxilsins. Þegar ég hafði lokið þessari útfyllingu víxileyðublaðsins gaf Jósafat víxilinn út með nafnárítun sinni, samþykkti með nafnárítun sinni og með því að stimpla pr. pr. Kyndill h.f. á víxileyðublaðið, en hann hafði lítinn stimpil meðferðis. Þá ritaði hann orðið „Tryggingarvíxill“ á víxilinn og framseldi víxilinn með eyðuframsali á bakhlið. Víxillinn var síðan í mínum vörslum, sbr. dskj. nr. 5, þar til ég ráðstafaði víxlinum til vistunarbankans til sýningar og innheimtu, og ritaði ég þá á bakhlið víxilsins innheimtuframsal til bankans.

Sú fullyrðing af hálfu stefndu, að ég hafi fyllt út víxilinn án vitundar og vilja þeirra, er vísvitandi ósannindi, sett fram í auðgunarskyni. Kaupsamningurinn á dskj. nr. 5 var gerður og undirritaður af stefnendum þessa máls og Tryggva Hannessyni og áritaður af vottum á skrifstofu minni sunnudaginn 2. sept. 1973. Kaupendur í samningnum árituðu samninginn fyrir milligöngu Jóns Arngrímssonar, og fékk ég samninginn undirritaðan um sunnudagskvöldið 2. sept. 1975, og afhenti ég þá Jóni Arngríms-

syni lykla Klæðningar h.f., sbr. nánara dskj. nr. 14. Hvernig víxilfjárhæðin er fundin, er skilmerkilega rakið í dskj. nr. 5, og hafði lögmaður stefndu, Áki Jakobsson, hrl., skjal þetta í höndum, þegar hann ritaði greinargerð sína“.

Stefnandinn Ólafur Ólafsson hefur hér fyrir dómi m. a. skýrt svo frá:

„Ég var eigandi ásamt fleirum að verslun, sem Klæðning h.f. átti að Laugavegi 164 í Reykjavík. Við ákváðum að selja og þar með hlutabréfin í fyrirtækinu. Jón Arngrímsson, bróðir stefnda Jósafats Arngrímssonar, vildi kaupa, en hann hafði ekki peninga til þess, eða svo virtist mér. Við ræddum svo frekar um þetta við Jón Arngrímsson. Við höfðum annan kaupanda, en Jón Arngrímsson, sem var einn af hluthöfum í Klæðningu h.f., vildi meta vöurbirgðir á hærra verði en við höfðum gert gagnvart hinum aðilanum, sem vildi kaupa. Eftir umræður varð að samkomulagi, að Jón keypti öll hlutabréf önnur en þau, sem hann átti fyrir í Klæðningu h.f., enda þótt hann hafi ekki verið skráður kaupandi, þegar til kastanna kom. Ég og félagar mínir ásamt Jóni Arngrímssyni hittum Jón E. Ragnarsson, hrl., á Hótel Loftleiðum, mig minnir á laugardegi fyrir hádegi. Við báðum Jón E. Ragnarsson að aðstoða okkur við að ganga frá samningi. Við hittum hann sama daginn á skrifstofu hans. Á skrifstofu hans voru auk mín og lögmannsins þeir Stefán Jónsson, Kristján Steinar Kristjánsson, Jón Arngrímsson og Jósafat Arngrímsson, og ég held, að Tryggvi Hannesson hafi einnig verið þar. Mig minnir, að það hafi ekki verið vinnudagur, en hvort það var laugardagur eða sunnudagur, get ég ekki munað. Ég man ekki eftir fleirum á skrifstofu lögmannsins á þessum fundi. Á fundinum var gengið frá kaupsamningnum. Mig minnir, að kaupendur, sem skráð hafa nöfn sín á kaupsamninginn, hafi ekki verið á fundinum og að farið hafi verið með skjalið til þeirra til undirskrifta. Við tókum við víxlum og gáfum kvittunina á dskj. nr. 6“.

Stefnandinn Ólafur Ólafsson kynnti sér í réttinum hinn umstefnda víxil, og kvað hann þar vera um að ræða margnefndan tryggingarvíxil, sem stefndi Jósafat hafi gefið út og samþykkt f. h. Kyndils h/f, eftir að víxillinn hafi verið útfylltur.

Stefnendurnir Stefán Jónsson og Kristján Kristjánsson hafa báðir gefið skýrslur fyrir dómi. Þykir eigi ástæða til að rekja þær.

Stefndi Jósafat Arngrímsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 18.

júní 1975, og kynnti hann sér þá hinn umstefnda víxil. Var því næst bókað eftir honum:

„Ég hef gefið víxil þennan út með nafnritun minni. Ég hef framselt þennan víxil með nafnritun minni á bakhlið. Ég setti stimpilinn „pr. pr. KYNDILL H.F.“ þar sem samþykkjanda er ætlað að rita samþykki sitt, og ég undirritaði þar undir. Ég skráði einnig orðið „Tryggingarvíxill“. Ég hef ekki skrifað annað á þetta víxilskjál. Ég hef kynnt mér endurrit af þinghaldi, sem fram fór 13. þ. m., þ. e. bókun lögmanns stefnenda, Jóns E. Ragnarssonar, hrl., og skýrslur stefnenda fyrir dómi. Ég vil taka fram í fyrsta lagi, að víxillinn, sem hér liggur frammi, var óútfylltur, þ. e. fjárhæð víxilsins var ekki skráð og ekki heldur nafn samþykkjanda í meginmáli víxilsins, þegar ég afhenti Jóni E. Ragnarssyni skjal þetta. Ég afhenti skjal þetta Jóni sunnudaginn 2. september 1973, en ekki 3. september 1973, eins og útgáfudagurinn gæti bent til. Ég afhenti víxilinn sem tryggingarvíxil vegna kaupa bróður míns Jóns Arngrímssonar á hlutabréfum í Klæðningu h.f. Ég vissi, að þetta voru hlutabréf, sem Jón ætlaði að kaupa, og að fjölskylda hans ætlaði að standa að hlutafélaginu. Ég sá fyrst kaupsamninginn á dskj. nr. 5 eftir að mál þetta var höfðað. Þargreindir kaupendur eru Ester Jónsdóttir, kona Jóns Arngrímssonar, Ásta Jónsdóttir, dóttir Jóns, Erna Arngrímsdóttir, systir okkar Jóns, og Hinrik Greipsson, eiginmaður Ástu og tengdasonur Jóns. Mér var ekki kunnugt um það, hvaða fjárhæð átti að standa í ofangreindum tryggingarvíxli, en Jón E. Ragnarsson, hrl., hafði heimild til þess að setja fjárhæðina inn í tryggingarvíxilinn, en þó að því tilskyldu, að hann léti mig vita áður, hvaða upphæð yrði um að ræða. Það gerði Jón E. Ragnarsson ekki. Jón Arngrímsson, bróðir minn, lét mig ekki vita heldur, hvaða fjárhæð var sett á tryggingarvíxilinn, og systir mín, Erna Arngrímsdóttir, gerði það ekki heldur og ekki heldur hin, sem undirrituðu kaupsamninginn, þau Ásta og Hinrik, enda sjálfsagt talið, að mér væri kunn upphæðin í tryggingarvíxlinum. Ég vil taka fram, að ekkert uppkast af kaupsamningnum á dskj. nr. 5 lá frammi á skrifstofu Jóns E. Ragnarssonar, hrl., þegar ég afhenti honum tryggingarvíxilinn. Ég vil ítreka, að ég afhenti tryggingarvíxilinn sunnudaginn 2. september, en kaupsamningurinn er dagsettur 3. september 1973. Ég tók ekki þátt í umræðunum um kaupin, og mér var ekki kunnugt um kaupverðið, en mér var kunnugt um greiðslufyrirkomulag og það þurfti að setja tryggingarvíxil til tryggingar kaupunum“.

III.

Mál þetta var tekið til munnlegs flutnings 24. júní 1975, og fékk lögmaður stefndu þá bókað: „Vaxtaútreikningur háttvirts andstæðings er of hár um röskar 44.000.00 kr. Þá er sérstaklega mótmælt, að vextir verði greiddir á málskostnað og vaxtakröfurnar. Að svo vöxnu máli sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið, og ég legg málið í dóm“.

Lögmaðurinn vék því næst úr réttinum að eigin ósk.

Lögmaður stefnenda fékk þá bókað: „Ég er hér kominn í því skyni að flytja mál þetta munnlega, eins og ákveðið var í síðasta þinghaldi. Ég geri þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða víxilskuld samkvæmt dómsskjali nr. 3 að fjárhæð kr. 617.313.00 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 427.700.00 frá 15. desember 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eins og mál þetta sé munnlega flutt, þótt þingsókn hafi nú fallið niður hjá stefndu í þessu réttarhaldi. Þess ber að gæta við ákvörðun málskostnaðar, að varnir og mála-tilbúnaður stefndu hafa verið rangar og að ófyrirsynju. Þá er framburði Jósafats Arngrímssonar mótmælt að því leyti, að hann hafi áritað víxilinn óútfylltan, en það er rangt, samanber bókun og aðilaskýrslu, ennfremur því atriði, að hann hafi ekki séð kaupsamninginn á dómsskjali nr. 5, fyrr en eftir að mál þetta var höfðað. Stefndu höfðu ekki uppi nein mótmæli þrátt fyrir mörg tilefni við víxilinnheimtu þessari eða réttmæti hennar fyrr en með greinargerðinni á dómsskjali nr. 19, en um það dómsskjal athugast, að þar hefur lögmaðurinn, Áki Jakobsson hrl., uppi saknæm fjölmæli um lögmann stefnenda, sem ekki einu sinni Jósafat Arngrímsson hefur fengist til að staðfesta í aðilaskýrslu sinni hinn 18. júní sl., þannig að greinargerð Áka er sannanlega röng í verulegum atriðum. Því er mótmælt, að nokkrar varnir komist að í þessu máli umfram það, sem heimilað er í 17. kafla laga nr. 85/1936, en engar slíkar varnir eru hafðar uppi eða sannaðar eða rökstuddar með fullnægjandi hætti. Þar sem nú er um að tefla útivist stefndu í málinu, ber dómara að leggja dóm á málið eftir framlögðum skjölum. Þar sem dómsskjal nr. 3 er lögformlegur víxill, en stefnukröfur eru lægri en nemur víxilfjárhæð, ber nú alfarið að dæma málið eftir ofangreindum kröfum stefnenda. Ég ítreka kröfurnar og legg málið í dóm, um leið og ég mótmæli sem röngum og þýðingarlausum öllum málsástæðum, bókunum og fullyrðingum stefndu og lögmanns þeirra“.

Málið var því næst tekið til dóms.

IV.

Gegn mótmælum stefnenda er ósannað, að fjárhæð víxilsins, sem mál þetta fjallar um, sé önnur en til var ætlast, þegar víxillinn var afhentur, enda kemur fjárhæðin einnig heim við þá fjárhæð, sem aðilar að áðurgreindum kaupsamningi komu sér saman um við undirskrift kaupsamningsins.

Stefndu hafa ekki sannað neinar varnarástæður, sem komast mega að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 19. gr. víxillaga nr. 93/1933 ber að taka kröfur stefnenda til greina, enda verður eigi að vaxtakröfu stefnenda fundið.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu in solidum að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 100.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jósafat Arngrímsson og Kyndill h/f, greiði in solidum stefnendum, Ólafi Ólafssyni, Stefáni Jónssyni og Kristjáni Kristjánssyni, kr. 617.313 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 427.700 frá 15. desember 1974 til greiðsludags og kr. 100.000 í málskostnað, allt innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. júní 1976.

Nr. 119/1976. Ákærvaldið

gegn

Sigurgeir Einari Karlssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 22. maí 1976 hefur varnaraðili samkvæmt heim-